

Kratus ehf.  
Klafastaðavegi 4  
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. september 2015  
UST201502-110/E.D.K.  
08.07.02

### Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 16. júlí 2014 þar sem áformað var að áminna Kratus ehf. vegna þriggja frávikna frá starfsleyfi. Umhverfisstofnun vísar einnig í bréf, dags. 28. ágúst 2014 þar sem Kratus ehf. var veitt áminning vegna eins þessara frávikna og veittur frestur til 1. janúar 2015 til að ljúka úrbótum vegna hinna tveggja. Frávikið sem áminnt var fyrir varðaði ófullnægjandi skráningar og er því lokið. Umhverfisstofnun hefur hinsvegar ekki borist staðfesting á úrbótum vegna frávikanna sem höfðu samþykktan úrbóta frest.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

- **Frávik frá gr. 2.13:** Fínryki hefur ekki verið skilað til viðeigandi spilliefnamóttöku og er því safnað upp í gámum á lóðinni og í geymslu í Gjáhellu 11 í Hafnafirði. Skv. grein 2.13 skal spilliefnum skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku og ávallt gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum.  
Í bréfi dags. 28. ágúst sl. samþykkti Umhverfisstofnun áætlun rekstraraðila um að uppsafnað efni yrði unnið í verksmiðju Kratusar og var veittur frestur til 1. janúar 2015 til að ljúka vinnslu þess. **Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting á að úrbótum sé lokið.**
- **Frávik frá gr. 2.15:** Útflutningur á síuryki til endurvinnsluáðila er ekki hafinn og því er því safnað fyrir á lóð verksmiðjunnar. Almennan framleiðsluúrgang þ.m.t. síuryk skal skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang eða koma í lögmætan endurvinnsluferil. Varanleg geymsla hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.
- Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til 1. janúar 2015 til að koma síuryki í útflutning til endurvinnslu eða í förgun, en skv. svari rekstraraðila frá 30. júní 2014 hugðist rekstraraðili nýta tímann til áramóta 2014/2015 til að kanna til hlítar möguleika á endurvinnslurásunum. Í svari rekstraraðila segir að ef lausn til endurvinnslu yrði ekki fundinn fyrir þann tíma myndi Kratus finna leið til að farga efninu á viðeigandi hátt. **Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting um að efninu hafi verið komið í endurvinnslu eða því fargað.**

**Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting á úrbótum frá rekstraraðila. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fyrir ofangreind frávik. Umhverfisstofnun veitir Kratusi ehf. frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 30. september 2015.**

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 27. gr. laga nr.

7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmælafrest.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni ofangreindra þriggja frávika, sbr. bréf dagsett 16. júlí 2014, 28. ágúst 2015 og 10. september 2015, verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er 83.300 kr.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [eva.kristjansdottir@ust.is](mailto:eva.kristjansdottir@ust.is).

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllt

  
Sigríður Kristjánsdóttir  
sviðsstjóri

  
Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur